

Sp.

561. Þingsályktun

[80. mál]

um viðgerðarkostnað vegna alkalískemmda á steinsteypu í húsum.

(Afgreidd frá Sp. 26. mars.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að sjá til þess, að Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins verði gert kleift að framkvæma nauðsynlega könnun á því, hvornig best verði staðið að viðgerðum á alkalískemmdum á steinsteypu í húsum.

Jafnframt skorar Alþingi á ríkisstjórnina að hún skipi nefnd, sem hafi það verkefni að kanna með hverjum hætti best verði komið fjárhagsaðstoð við þá húseigendur, sem leggja þurfa í mikinn viðgerðarkostnað vegna alkalískemmda á steinsteypu á húsum sínum.

Nefndin ljúki störfum sem fyrst og skal álit hennar sent Alþingi. Ef nauðsyn ber til sérstakrar lagasetningar í þessu efni skal ríkisstjórnin undirbúa slíka löggjöf og leggja fyrir Alþingi sem fyrst.